

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-104/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. desember sl. X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna gjafabréfs, sem gefið var út af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess fá gjafabréfið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 10. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 29. desember. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 10. apríl, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 10. júní 2014 fékk álitsbeiðandi gjafabréf í afmælisgjöf. Var gjafabréfið gefið út af seljanda og var fjárhæð þess kr. 8.000. Segir álitsbeiðandi að nú hafi seljandi lokað verslun sinni og engin leið virðist vera að ná í seljanda. Krefst álitsbeiðandi þess að fá gjafabréfið endurgreitt. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af gjafabréfinu.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Sá sem er handhafi gjafabréfs af því tagi sem álitsbeiðandi hefur yfir að ráða öðlast almennt rétt til þess að taka síðar út vörur í þeirri verslun sem tiltekin er í gjafabréfinu. Hér er því um að ræða neytendakaup þess eðlis að kaupandinn greiðir vöruna eða upp í verð hennar fyrir fram en fær hana afhenta síðar gegn framvísun gjafabréfsins. Ekki var í því tilviki sem hér um ræðir samið um afhendingu sérstakrar vöru sem útgefandi gjafabréfsins hefur til sölu heldur réðist það af vilja handhafa bréfsins fyrir hvaða vöru í viðkomandi verslun það yrði notað sem greiðsla. Líta má svo á að seljandinn hafi ákveðið hagræði af þessum viðskiptum, þ.e. hann fær greiðslu kaupverðsins strax og getur ráðstafað henni til sinna þarfa og þarf ekki að afhenda meira verðmæti þegar bréfið er notað sem greiðsla en nemur nafnverði þess þótt kaupunum sé lokið síðar.

Í máli þessu er svo háttáð að verslun sú er gjafabréfið átti að gilda í hefur verið lokað. Er því útilokað að álitsbeiðandi geti fengið afhentar vörur frá seljanda gegn afhendingu gjafabréfsins. Má líta á sem svo að í raun sé því um afhendingardrátt að ræða af hálfu seljanda sbr. 19. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Vanefndir seljanda á samningi aðila veita neytanda rétt til beitingu vanefndaúrræða sbr. V. kafla laga nr. 48/2003. Þar kemur fram að neytandi geti rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003. Við mat á því hvort um verulega vanefnd sé að ræða þarf að meta hvaða þýðingu afhendingardrátturinn hefur fyrir neytandann sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 48/2003. Með vísan til þessa og með hliðsjón af eðli kaupanna og hagsmunum aðila telur kærufndin ljóst að álitsbeiðandi eigi rétt til riftunar á samningi aðila. Samkvæmt meginreglum um riftun ber að skila þeim greiðslum sem þegar hafa fram farið sbr. 1. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 48/2003.

Í máli þessu er hins vegar svo farið að seljandi var úrskurðaður gjaldþrota hinn 4. febrúar s.l. Vilji álitsbeiðandi láta reyna að á fá fjárhæð gjafabréfsins endurgreidda verður hann því að lýsa kröfu þar að lútandi í þrotabú seljanda innan kröfulýsingafrests, sem mun vera hinn 23. apríl n.k.. Hverjar endanlegar heimtur álitsbeiðanda af slíkri kröfulýsingu gætu orðið er hins vegar óljóst.

V

Álitsorð

Seljandi, Y., greiði álitsbeiðanda, X, kr. 8.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir